

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – janúar 2025

Skráð atvinnuleysi í janúar var 4,2%

Skráð atvinnuleysi í janúar var 4,2% og hækkaði úr 3,8% frá desember. Í janúar 2024 var atvinnuleysið hins vegar 3,8%.

Að meðaltali voru 8.563 atvinnulausir í janúar, 4.998 karlar og 3.565 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 688 frá desember.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í janúar eða 7,7% og hækkaði úr 7,2% frá desember.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2%.

Alls komu inn 185 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar.


Atvinnulausir voru 9.050 í lok janúar, 5.211 karlar og 3.839 konur.

Í janúar 2025 gaf Vinnumálastofnun út 200 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 179 á höfuðborgarsvæðinu.

Í janúar voru 213 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi verði á bilinu 4,2% til 4,4% í febrúar 2025.

Próun atvinnuleysis frá janúar 2023 til janúar 2025




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði alls staðar á landinu frá desember nema á á Norðurlandi vestra þar sem það fór úr 1,3% í 1,2%. Mest var atvinnuleysið á Suðurnesjum þar sem það fór úr 7,2% í 7,7%. Næst mest var atvinnuleysið á höfuðborgarsvæðinu eða 4,3%. Atvinnuleysi var 4,1% á landsbyggðinni í janúar og hækkaði úr 3,7% frá desember.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 1,2% og 2,4% á bæði Austurlandi og á Vestfirðum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í desember og janúar.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á einu svæði á landinu í janúar, það er á Suðurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 3,6% en atvinnuleysi kvenna 3,9%. Mestur var munurinn á atvinnuleysinu á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 8,0% en atvinnuleysi kvenna 7,3%, á Norðurlandi eystra þar sem atvinnuleysi karla var 3,4% en atvinnuleysi kvenna 2,7% og á Austurlandi þar sem atvinnuleysi karla var 2,7% en atvinnuleysi kvenna 2,0%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í janúar.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 9.050 í lok janúar, 5.211 karlar og 3.839 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 424 frá desemberlokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 285.

Alls voru 956 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 94 frá desember.


Alls höfðu 1.472 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok janúar og fjölgaði um 91 frá desember. Í janúar 2024 var fjöldi þeirra hins vegar 1.195 og nemur fjölgunin 277 á milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.692 í janúar síðastliðnum en voru 1.494 í janúar 2024.

Atvinnugreinar


Atvinnulausum fjölgaði í öllum atvinnugreinum í janúar nema í ferðegaflutningum með flugi þar sem fækkaði um einn. Mest var fjölgunin í verslun og vöruflutningum.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 2.184 sem er um 42% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá. Því næst koma atvinnuleitendur frá Litáen, Rúmeníu og Úkraínu.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok janúar 2025



Atvinnuleyfi


Atvinnuleyfi

Í janúar 2025 gaf Vinnumálastofnun út 200 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 179 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 102 leyfi til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 98 leyfi voru framlengd.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar


Alls voru 5.188 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok janúar og fjölgaði um 351 frá desember. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysisrá var 57% í lok janúar.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysisrá, þróun síðustu 2 ár



Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í janúar, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðipekkingar eða 61 leyfi. Þá voru gefin út 50 námsmannaleyfi og 41 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í janúar voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 43%, 23% vegna þjónustustarfa og 18% vegna starfa verkafólks. Um 16% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í janúar 2025




Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í janúar voru gefin út 113 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 77 einstaklingar, sex fóru til Portúgal og fjórir fóru til bæði Litáen og Tékklands. Þá voru gefin út 22 vottorð til viðbótar til 16 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, janúar 2025




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 185 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í janúar. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 118 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 63% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 10% á Suðurlandi og 8% á bæði Vesturlandi og Suðnesjum. Þá eru 11% annars staðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í janúar 2025



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í janúar voru 213 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 12 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 164 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistödlur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.